



Skólaráð Álfatánesskóla 2022-2023

Þriðji fundur skólaráðs þann 8.febrúar 2023

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2022-2023. (Mættir fulltrúar eru feitleitraðir).

Anna María Skúladóttir skólastjóri, Anna María Karlsdóttir fulltrúi foreldra, Ingólfur Vignir Ævarsson fulltrúi foreldra, Hildur Karlsdóttir fulltrúi kennara, Ragnheiður Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Eva Dögg Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Guðbjörn Harðarson fulltrúi annars starfsfólks, Emilía Ósk Hauksdóttir fulltrúi nemenda, Íris Eva Óskarsdóttir fulltrúi nemenda, Drífa Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri áheyrnarfulltrúi, Þorgerður Elín Brynjóllsdóttir varafulltrúi kennara.

- a. **Skólalöng:** Framkvæmdin tókst vel, Eva og Ingó ánægð með sína þátttöku og fannst skipulagið gott og fínar umræður í hópunum. 6 foreldrar mættu. Nemendaráð vinnur úr niðurstöðum. Það sem mætti betur fara: erfitt hvað borðin eru löng, kostir og gallar við það, hentar sumum að draga sig í hlé.
- b. **Skóladagatal:** Samþykkt en ábendingar um:
 - Námssamtöl 26. október– væri hægt að hafa samtölin ,þriðjudaginn 31. október svo að skipulagsdagur 27. október gæti nýst til undirbúnings.
 - Af hverju þarf að samræma námssamtalsdaga í bæjarfélaginu.
 - Janúar skipulagsdagur – ósk um að hann væri 3. janúar.
 - Námssamtalsdagur í febrúar á föstudegi, margir nemendur og foreldrar kannski í fríi og dagurinn nýtist ekki sem skildi.
- c. **Skólalóð:** Eftir að frostið kom, hefur ekkert gerst. Sleðahóllinn frekar lítill – vonandi á eftir að stækka hann. Hitalögn í battavellinum?
- d. **Myglumál** – mygla fannst í gamla skólahúsnæðinu og í kjölfarið voru sýni tekin á nokkrum stöðum. Niðurstöður væntanlegar fljótlega eftir vetrarfrí. Jákvætt að ekki var mikil starfsemi á þessu svæði en hjúkrunarfræðingur þurfti að flytja sig. Margar bækur á svæðinu sem ekki er hægt að nota í bili.
- e. **Fjárhagsáætlun:** Samþykkt og stendur nánast í stað frá því í fyrra, ekki búið að samþykkja viðauka. Stendur til að halda áfram að endurnýja húsgögn, Emilía segir frá því að ungmennaráðið fundaði um húsgagnamál og ætlar að beita sér fyrir endurnýjun húsgagna.
- f. **Framundan:** Öskudagur, vetrarleyfi, árshátíðir.
- g. **Önnur mál:**
 - Anna María K kemur á framfæri ánægju með Laugarferðina
 - Umræður um námsmat, kynna betur fyrir unglingadeild námsmatið í Mentor



Skólaráð Álfтанesskóla 2022-2023

- Rútmál á Álfтанesi, meiri þörf á rútum hér sökum þess að strætóferðir eru mjög stopular. Veitt er aukafjármagn í rútur en það er samt ekki nóg, áskorun að forgangsraða.
- Vorhátíð: umræður, ekki á dagskrá hjá Foreldrafélaginu í ár.
- Foreldrafélagið: gengur erfiðlega að innheimta gjaldið, ca. 55% sem greiða.
- Páskabingó á vegum Foreldrafélagsins 29. mars.
- Forsetabikarinn: Ígildi bæjarhátíðar, 18. maí Uppstigningardagur

Fundi slitið kl.9:04

Ritari: Drífa Sigurjónsdóttir